

Smiðja 6

7. – 8. bekkur 22. febrúar – 18. mars

Geggjaðar grímur


Kennarar: Vilma og Silla

Við ætlum að búa til geggjaðar grímur í anda Kúbisma. Við notum pappamassa eða leir og málum svo og skreytum. Einnig verður unnin mynd ef tími gefst.

Námsmarkmið: Nemandi getur

- getur unnið hugmynd frá skissu að lokaverki
- getur unnið verk á sjálfstæðan hátt þar sem hann nýtir sér og byggir ofaná fyrri þekkingu og reynslu

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Þurrþæfing

Kennari: Ingibjörg

Verkefni: Búum til leikbrúðu af þekktri persónu að eigin vali. Höfuðið er þurrþæft en búkurinn saumaður í saumavél.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- þurrþæft íslenska ull með þæfingarnál
- geti þróað eigin hugmynd í textílverk og unnið eftir ferli
- fallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni

Námsmarkmið: Að nemendur læri að þurrþæfa með sérstakri þurrþæfingarnál, móta höfuð og setja á það skraut að vild. Unnið er með íslenska ullarkembu og nemandinn fræðist um íslenska ull í leiðinni. Loks eru rifjuð upp helstu atriði saumavélarinnar og búkur saumaður á leikbrúðuna.

Námsmat: byggist á frammistöðumati sem gefið er í hverjum tíma þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði og verkfærni. Einnig er í lok námskeiðsins gefið fyrir hæfniviðmið samkvæmt námskrá.

Heimilisfræði

Kennari: Linda

Verkefni: Farið verður yfir persónulegt hreinlæti, þvott og þvottamerki, umhverfis- og endurvinnslumerki ásamt því að prófa að strauja. Í smíðjunni munum við æfa okkur í brauðbakstri, að elda einfalda rétti, leggja snyrtilega á borð og ganga frá, ásamt því að baka sætabrauð.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúshöld
- matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

Rammagerðin – myndarammar fyrir vegg og borð

Kennari: Ingólfur

Í þessari smíðju hanna og smíða nemendur ramma sem á að geta hangið á vegg og staðið á borði. Til þess fá þau eina MDF plötu 21x21 cm og ýmislegt efni sem til fellur í smíðastofunni. Nemendur þurfa að leysa verkefnið sjálf en verða að teikna upp hugmyndir sínar og rökstyðja áður en hafist er handa við smíðina.



Hæfniviðmið: Að nemendur

- **geti** útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu
- geti gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem unnið er með
- valið samsetningu og yfirborðsmeðferð sem hæfir verkefninu

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

Nýsköpun

Kennari: Álfheiður og Eydís

Staður: Stærðfræði 2

Er hugmyndaflugið í lagi? Nýsköpun er að skapa eða búa til eitthvað nýtt eða endurbæta það sem þegar er til staðar. Í smiðjunni vinnum við frá hugmynd að útfærslu og sendum svo inn hugmyndirnar í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Ekki er krafist tæknilegrar kunnáttu til að gera frumgerð að hugmynd.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir
- fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á samfélagið
- unnið undir leiðsögn einstaklingslega og í hópi við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni og samskipti auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.

Íþróttir

Kennari: Villi

Staður: Íþróttasalur

Markmið og verkefni: Að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi

Markmið smiðjunnar er að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi þar sem farið verður í fjölbreyttar íþróttir og ýmislegt prófað, þar á meðal glænýir leikir. Þó verður einnig heimsótt sívinsæla leiki á við Counter strike og Hunger Games.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.